

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Hekluskarð, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Hekluskarð á fundi 12. ágúst 2026. Verið er að breyta afmörkun milli lóða Hekluskarðs 1 og 2 svo lóðarmörk liggi betur í landinu og færist aðkoma að Hekluskarði 2 til norðvesturs. Við þetta stækkar lóð Hekluskarðs 1 úr 14,55 ha í 15,74 ha og lóð Hekluskarðs 2 minnkar úr 4,85 ha í 3,66 ha. Skilmálar fyrir minni lóð Hekluskarðs 2 eru óbreyttir. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hellu, 12. ágúst 2026.

F.h. Rangárþings ytra,
Birgir Haraldsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 27. ágúst 2026